



Kaskótrygging ökutækja

Skilmáli B-2

Kaskótrygging ökutækja bætir tjón á hinu tryggða ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika.

Um trygginguna gilda skirteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmáli þessi, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004, hér eftir vsl. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

1. Kafli. Bótasvið og varúðarreglur

1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Tryggingin bætir tjón á tryggðu ökutæki vegna skyndilegra og óvæntra utanaðkomandi atvika sem ekki eru sérstaklega undanskilin eða takmörkuð í skilmála þessum. Auk þess bætir tryggingin tjón á tryggðu ökutæki vegna:

- eldsvoða eða sprengingar sem stafar af eldsvoða. Það telst ekki eldsvoði ef eldur verður ekki laus.
- þjófnaðar eða tilraunar til þjófnaðar og skemmdarverka. Skilyrði bótaskyldu er að atvikið hafi verið tilkynnt til lögreglu svo fljótt sem auðið er. Bætur vegna tjóns samkvæmt þessari grein greiðast því aðeins ef tjónsatburðurinn átti sér stað á Íslandi.
- óveðurs, ef ökutæki fýkur eða ef vélarhlíf, skottlok eða hurðir fjúka upp.

Þrátt fyrir undanþáguákvæði í almennum skilmálum félagsins tekur tryggingin til tjóna af völdum aur- eða vatnsflóða, skriðufalla, snjóflóða, verkfallsaðgerða eða uppþota.

Tryggingin bætir einnig kostnað við flutning ökutækis á næsta viðurkennda viðgerðarverkstæði verði ökutæki óökufært af völdum bótaskylds atburðar sem gerst hefur á Íslandi. Bætur vegna þessarar greinar takmarkast við fjárhæð er fram kemur á skirteini.

2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tryggingin bætir ekki:

- tjón sem kemur til við kappakstur, aksturskeppni eða æfingar fyrir slíkan akstur.
- tjón sem verður rakið til hvers konar gæludýra.
- tjón sem kemur til ef sandur, mól, aska, vikur eða önnur laus jarðefni fjúka á ökutæki.
- tjón sem kemur til vegna steinkasts af vegi eða frá öðru ökutæki. Með steinkasti er hér átt við þann atburð þegar steinn eða steinar skjótast í bifreið og valda skemmdum á yfirborði ökutækis.
- tjón vegna notkunar rangs eða óviðurkennds hleðslubúnaðar, eldsneytis, smurefnis, olíu eða annarra vökva.
- tjón á strokkum, kæli, raf- og vélarbúnaði eða öðrum hlutum ökutækis sem stafa af því að kælivatnið eða annað vökvakerfi frýs eða ofhitnar.
- ákomur á undirvagni, vél- og rafbúnaði, dekkjum eða felgum ökutækis sem rýra ekki notagildi, jafnvel þótt ábyrgð framleiðanda falli niður við ákomu. Hér er t.d. átt við rispur, beyglur, höggsár, sveigju eða núningssmerki.
- tjón eða þjófnað á hvers kyns aukaútbúnaði ökutækis, t.d. sínum, staðsetningartækjum, hleðslubúnaði, talstöðvum, vörulyftum og krönum vörubifreiða, skíðabogum, hjólafestingum, lausum farangursgrindum og ferðapallhýsum, nema um annað sé samið og þess getið á skirteini.
- glötun eða þjófnað á bíllyklum, fjarstýringum, aðgangskortum eða öðrum sambærilegum aðgangsbúnaði.
- tjón, slit og rýrnun ökutækis eða einstakra hluta þess vegna notkunar eða umgengni.
- tjón sem verður vegna hefðbundinnar umgengni, svo sem reykinga og neyslu matar og drykkjar í ökutæki.
- tjón á eftirvögnum eða öðrum tækjum eða búnaði sem tengdur er við ökutæki eða skeytt við það.
- tjón sem orsakast af vatnsflóði inn í ökutæki, eða hluta þess, sem orsakast t.d. af akstri yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Þó bætast tjón sem stafa af ófyrirséðum pollum á bundnu slitlagi. Einnig bætir tryggingin skemmdir vegna vatns sem kemur úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislíögnum húsnæðis þar sem ökutækið er geymt.
- tjón á undirvagni sem rekja má til aksturs á landsvegum, stofnvegum um hálendið, slóðum eða utan vega, sem og tjón sem verða við akstur yfir óbrúaðar ár, vötn eða læki. Með undirvagni er hér átt við allt neðra byrði ökutækis og þann vél- og rafbúnað sem þar er staðsettur auk hjólbarða og felga.
- tjón sem kemur til vegna flutnings á farmi nema tjónið verði rakið til umferðaróhapps.

3. gr. Varúðarreglur

Tryggðum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á skirteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar, sbr. 26. gr. vsl.

- Ökutæki skal vera tryggilega læst þegar farið er frá því og rúðum eða sóllúgu lokað. Lyklar, fjarstýringar, aðgangskort og annar aðgangsbúnaður skal geymdur á öruggum stað þar sem óviðkomandi eiga ekki greiðan aðgang að.
- Tryggður skal vera í líkamlegu ástandi til þess að geta stjórnað ökutæki örugglega og ekki undir áhrifum áfengis eða annarra örvandi eða deyfandi efna.
- Tryggður skal hafa hæfni til þess að stjórna ökutæki örugglega og hafa til þess tilskilin réttindi.
- Tryggður og sá sem hefur ökutækið undir höndum skal sjá til þess að ökutækið sé í lögmæltu ástandi, að ökutækið sé fært til lögbundinnar skoðunar og að viðhald ökutækisins sé fullnægjandi og í samræmi við leiðbeiningar og þjónustuhandbók framleiðanda.
- Tryggður skal sjá um að öryggisbúnaður ökutækis sé í lagi og viðeigandi miðað við aðstæður. Undir öryggisbúnað falla m.a. hjólbarðar, bremsur, stýrisbúnaður ásamt öðrum búnaði. Tryggður skal einnig gæta þess að ökutækið sé ávallt útbúið miðað við akstursaðstæður.
- Tryggður skal sjá til þess að farmi sem ökutæki flytur sé komið fyrir með öruggum hætti.
- Tryggður skal sjá til þess að við notkun áfastra tækja og búnaðar, sé farið eftir fyrirmælum framleiðanda búnaðarins.
- Við hífingar með krana sem annað hvort er fastur við ökutæki eða hefur verið skeytt við það skal fara eftir fyrirmælum framleiðanda um notkun kranans og gæta þess að nota hífingafestingar sem eru gerðar fyrir þá þyngd sem lyft er. Einnig skal þess gætt að stoðfætur séu notaðir ef tilefni er til.
- EKKI skal nota ökutæki þar sem búið er að vara við akstri ökutækja eða vindstyrkur mælist sannanlega yfir 24 m/s auk þess sem ökutækið skal geymt þannig að ekki sé hætta á að það fjúki.
- Tryggðum ber í kjölfar bótaskylds atburðar að grípa til viðeigandi ráðstafanna til að takmarka tjónið, svo sem með því að færa það til skoðunar fagfólks, grípa til ráðstafana vegna aðvörunarljósa, drepa á vél eða færa á öruggan stað.

Öðrum þeim sem með samþykki tryggðs nota og bera ábyrgð á ökutækinu, ber að fylgja sömu varúðarreglum.

2. Kafli. Almenn ákvæði

4. gr. Hver er tryggður?

Tryggður er skráður eigandi þess ökutækis sem tiltekið er á skirteini.

5. gr. Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir á Íslandi. Enn fremur gildir tryggingin í aðildarríkjum Evrópska efnahagssvæðisins, Bretlandi og Sviss í allt að 90 daga frá brottfarardegi ökutækisins frá Íslandi. Tryggingin gildir jafnframt fyrir ökutækið í flutningi milli landa með fyrsta flokks flutningaskipi, enda sé um árstryggingu að ræða.

6. gr. Framsal

Tryggður má ekki, án samþykkis félagsins, framselja eða veðsetja réttindi sín samkvæmt tryggingarsamningnum.

7. gr. Endurgreiðsla iðgjalds

Sé trygging felld úr gildi áður en tryggingartímabili lýkur endurgreiðir félagið greitt iðgjald fyrir óliðið tímabil. Þetta gildir þó ekki fyrir:

- dráttarvélar, snjóbíla, vélsleða, torfærutæki, mótorhjól og fjórhjól, enda hefur verið tekið tillit til þess við iðgjaldsákvörðun.
- skammtímatryggingar
- ef trygging var felld úr gildi vegna bótaskylds tjóns.

Iðgjald er ekki endurgreitt þótt skráningarnúmer hafi verið í vörslu Samgöngustofu, lögregluþyrvalda eða ekki í notkun af öðrum ástæðum.

8. gr. Tryggingarfjárhæð

Tryggingarfjárhæð sé hún tilgreind í skirteini eru hámarksbætur tryggingar, óháð raunvirði. Bætur geta þó aldrei orðið hærri en raunvirði, sbr. 10. gr.

9. gr. Eigin áhætta

Af hverju tjóni ber tryggingartaki sjálfur eigin áhættu eins og getið er á gildandi skirteini.

10. gr. Algert tjón

Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón, ef:

- ökutæki verður fyrir svo miklum skemmdum að félagið álitur ekki borga sig að gera við það.
- ökutæki er stolið og það hefur ekki fundist innan 4 vikna frá því að félaginu var tilkynnt um þjófnað og það skráð eftirlýst hjá Samgöngustofu.
- ökutæki er yngra en 12 mánaða (m.v. fyrstu skráningu), því hefur verið ekið minna en 20 þúsund kílómetra og viðgerðarkostnaður, sem metinn er af verkstæði sem félagið samþykkir, nemur meira en 45% af raunvirði ökutækisins.

Verði algert tjón greiðir félagið aldrei hærri bætur en sem nemur raunvirði ökutækis. Raunvirði telst vera sú fjárhæð sem þurft hefði til kaupa á ökutæki á því verðlagi sem síðast var á sambærilegu ökutæki á tjónsdegi, miðað við staðgreiðslu.

Félagið áskilur sér rétt til þess að fullnægja bótaskyldu sinni samkvæmt þessari grein með því að afhenda tryggða annað sambærilegt ökutæki miðað við tegund, aldur, akstur og útbúnað þannig að tryggði verði fjárhagslega í sömu stöðu fyrir tjón og eftir. Tjón greiðist aðeins í íslenskum krónum. Ef félagið greiðir bætur fyrir algert tjón ber tryggðum að afsala félaginu ökutækinu.

11. gr. Viðgerðarkostnaður

Skemmist ökutæki án þess að skilyrði 10. gr. séu fyrir hendi greiðir félagið kostnað við að gera ökutæki, að svo miklu leyti sem unnt er, eins og það var fyrir tjónið. Það telst fullnaðarviðgerð þótt viðgerð sé sýnileg á ökutæki, t.d. vegna mismunandi upplitunar á lakki.

Félagið hefur rétt til að greiða annað hvort viðgerðarkostnað eða bætur fyrir áætlaðan viðgerðarkostnað. Náist ekki samkomulag um áætlaðan viðgerðarkostnað skulu dómkvaddir menn meta hann. Lækkun á markaðsverði ökutækis, óbeint tjón, svo sem afnotamissir, aukaútgjöld vegna vinnu utan venjulegs vinnutíma eða aukakostnaður vegna sérpantana á varahlutum bætist ekki. Leita skal fyrir fram samþykkis félagsins á viðgerðaraðila. Félaginu er ekki skylt að greiða bætur fyrir viðgerð sem hafin er án samþykkis þess.

12. gr. Endurnýjun einstakra hluta

Verði ágreiningur um hvort eða að hve miklu leyti félagið skuli taka þátt í endurnýjun einstakra hluta ökutækis má skjóta honum til úrskurðar dómkvaddra manna. Þeim aðila sem matið gengur í vil ber eigi að greiða matskostnað.

13. gr. Upplýsingaskylda tryggingartaka

Félaginu er heimilt að skoða tryggða ökutæki þegar félagið óskar þess. Tryggðum eða öðrum þeim sem kröfu gerir um bætur úr tryggingunni er skylt að varðveita og veita félaginu aðgang að hljóð-, mynd- og öðrum tölvubúnaði ökutækisins.

14. gr. Áhættubreyting

Iðgjald þessarar tryggingar fer eftir notkun ökutækis sem það er notað í og gefnar eru upplýsingar um við tryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun á tryggðu ökutæki á skirteini og notkun breytist ber tryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt tryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins, sbr. 25. gr. vsl.

15. gr. Eigendaskipti

Verði eigendaskipti að hinu tryggða fellur trygging þessi niður. Tryggingin gildir þó í 14 daga fyrir nýjan eiganda enda hafi hann ekki keypt aðra tryggingu.

16. gr. Vísitala

Iðgjald og fjárhæð eigin áhættu í þessari tryggingu er bundið vísitölu og breytast þessar fjárhæðir samkvæmt viðeigandi vísitölu við hverja endurnýjun.

Skilmálar þessir gilda frá 01.04.2023